Sé merkingum ábótavant varðandi eftirfarandi atriði er krafist er skjótra viðbragða. Taka þarf vöru strax af markaði og meta hvort þörf sé á innköllun:

- Innihaldslista vantar.
- Ofnæmisvaldandi innihaldsefni ekki merkt.
- Geymsluskilyrði eða geymsluþolsmerkingar vantar.
- Aðrar upplýsingar sem varða öryggi matvæla vantar eða eru rangar, t.d. aðvörun vegna aspartams (fenylalanín) eða hás innihalds af koffíni.
- Matvæli ekki merkt á leyfilegu tungumáli.

Ef tekin er ákvörðun um innköllun vöru er unnið skv. VLY-107 um innköllun vöru af markaði.

Atriði sem má gefa fresti á til lagfæringar:

- Form merkingar ekki rétt t,d.
  - Best fyrir í stað síðasti notkunardagur.
  - Næringargildismerking ekki rétt.
- Ákveðnar upplýsingar vantar t.d.:
  - Nafn og heimilisfang framleiðanda eða dreifingaraðila.
  - Auðkennismerki er ekki á réttu formi.
  - Einhver innihaldsefni önnur en ofnæmis- og óþolsvalda vantar eða eru röng í innihaldslýsingu.
- Óleyfilegar fullyrðingar á umbúðum.
  - Veita styttri frest fyrir óleyfilegar heilsufullyrðingar.

Að öllu jöfnu er miðað við að gefa 3ja mánaða frest til lagfæringar á merkingum. Það verður þó ávallt að meta hverju sinni hvað er eðlilegur frestur. Hafa skal eftirfarandi í huga við veitingu frests.

- Varðar vanmerking öryggi matvæla? Skjót viðbrögð og harðari.
- Hver er líftími vörunnar? Er hægt að taka mið af líftímanum við veitingu frests.
- Eru fleiri en eitt reglugerðarákvæði brotin á merkingum á sömu vörunni.
- Er mikið til af áprentuðum umbúðum? Ef brotið fellur ekki undir öryggi matvæla er hægt að gefa lengri frest.